



Gjaldeyrismarkaðurinn

Mánaðarlegt yfirlit


5. október 2020

- Krónan styrktist um 1,2% gagnvart evrunni en veiktist um 0,7% gagnvart Bandaríkjadal í september. Í lok mánaðarins stóð evran í 162,1 krónum samanborið við 164,0 krónur í lok ágúst.
- Eftir lokun markaða 9. september tilkynnti Seðlabankinn að hann hafi ákveðið að [hefja reglulega sölu gjaldeyris](#) frá og með mánudeginum 14. september. Næstum öll styrking krónunnar í september átti sér stað daginn eftir tilkynninguna, en krónan seig rólega niður það sem eftir var mánaðarins.
- Fyrir utan reglulega sölu kom Seðlabankinn inn 7 daga. Alls seldi hann evrur fyrir 6,3 ma.kr (39 m. evra) í reglulegri sölu og 18,6 ma.kr. (114 m. evra) utan við reglulega sölu í september.
- Heildarvelta á gjaldeyrismarkaði í september var 50,1 mö.kr. (313 m. evra). Hlutdeild Seðlabankans var 24,8 ma.kr. (153 m. evra, 48% af heildarveltu).
- Flöktið á krónunni á móti evru í september var nokkuð meira en meðalflökt á mánuði síðustu tólf mánuði.

	30.9.2020	YTD	1M	3M	12M
GVT	211,8	17,9%	0,0%	4,9%	18,6%
EUR	162,1	19,5%	-1,2%	4,4%	20,1%
USD	138,2	14,3%	0,7%	0,0%	11,7%
GBP	178,6	11,4%	-2,7%	4,2%	17,4%
DKK	21,8	19,9%	-1,2%	4,5%	20,4%
NOK	14,8	7,5%	-5,9%	3,2%	8,8%
SEK	15,4	19,5%	-2,8%	4,1%	22,7%
CHF	150,1	20,1%	-1,2%	2,9%	21,0%
JPY	1,31	17,8%	1,1%	2,4%	14,5%


Heimild: Refinitiv

Gengisþróun síðustu 3 mánuði



Lægsta, hæsta og dagslokagildi. Síðasta dags. 2.10.2020
Heimild: Refinitiv


Gengisþróun - síðustu 12 mánuði




Síðasta dags. 2.10.2020
Heimild: Refinitiv




Frá áramótum hefur krónan veikst á móti gjaldmiðlum allra helstu viðskiptalanda okkar.




Velta á gjaldeyrismarkaði í september var 50,1 mö.kr. (303 m. evra). Hlutdeild Seðlabankans var 24,8 ma.kr. (153 m.evra).




Næstum öll styrking krónunnar í september átti sér stað daginn eftir að Sí tilkynnti um ákvörðunina um að hefja reglulega sölu á gjaldeyri.




Alls seldi Sí evrur fyrir 6,3 ma.kr (39 m.evra) í reglulegri sölu og 18,6ma.kr. (114 m.evra) utan við reglulega sölu í september.




Flóktið á íslensku krónunni gagnvart evru í september var nokkuð meira en meðaltal seinust tólf mánaða þar á undan



Innlán innlendra aðila á I.G. reikningum, mæld á föstu gengi, lækkuðu um 5,0 ma.kr. (1,8%) í ágúst.




63,7 þúsund erlendis gestir fóru um Leifsstöð í ágúst.




Heimild: Ferðamálastofa

Erlendum ferðamönnum um Leifsstöð fækkaði um 75% milli ára í ágúst.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. ágúst 2020
Heimild: Ferðamálastofa

Án skipa og flugvéla var 11,3 ma.kr. halli af vöruviðskiptum við útlönd í ágúst.




Síðasta dags. ágúst 2020
Heimild: Hagstofa Íslands

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 0,2 ma.kr. í ágúst.




Síðasta dags. ágúst 2020
Heimild: Seðlabanki Íslands

Raugengi miðað við verðlag var 11% lægra í september en sama mánuð 2019. Nafngengið var 13,4% veikara.



Síðasta dags. september 2020. September 2020 eru útreikningar Hagfræðideildar. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild


Breytingin á raungenginu síðustu ár skýrist aðallega af nafngengisbreytingu.



Síðasta dags. september 2020. September 2020 eru útreikningar Hagfræðideildar. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild




Vaxtamunur gagnvart evru hefur lækkað verulega.




Síðasta dags. 2.10.2020
Heimild: Refinitiv Eikon, Refinitiv Datastream

Gjaldeyrisforðinn hefur stækkað áramótum þrátt fyrir nettó sölu SÍ á gjaldeyri. Það skýrist af gengis- og verðbreytingu.



*) Gjaldyrisforði að frádrögnum heildarskuldum SÍ og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum.
Staða í lok mánaðar, síðasta dags. 30.8.2020
Heimild: Seðlabanki Íslands, Lánamál ríkisins

Í evrum talið er vergur forði nokkurn veginn óbreyttur síðan um áramót.



Staða í lok mánaðar, síðasta dags. 30.8.2020
Heimild: Seðlabanki Íslands, Lánamál ríkisins

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara. Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.